



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 12. desember 2019  
nr. erindis 1912009

Erindið var tekið fyrir á **383. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar** 12. desember 2019 var tekið fyrir neðangreint erindi:

**Tillögur til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og fyrir árin 2020-2034**

Lagt fram erindi frá Hildi Edwald, fyrir hönd umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, þar sem nefndin óskar eftir umsögn Stykkishólmsbæjar um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, 434. mál, og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, 435. mál.

**Bókun bæjarstjórnar:**

*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggur þunga áherslu á að hönnun og framkvæmdir á vegi 54 um Skógarströnd verði flýtt eins og kostur er þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir við lagningu bundins slitlags við veginn sem fyrst. Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og fyrir árin 2020-2034 er ljóst að flýta þarf þeim framkvæmdum.*

*Í því sambandi hvetur bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar til þess að horft verði til áherslna og forgangsröðunar sem öll sveitarfélög á Vesturlandi hafa komið sér saman um í gengum samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og endurspeglast í samgönguáætlun Vesturlands og ályktunum á þingum sambandsins, en þar hafa sveitarfélög á Vesturlandi meðal annars lagt þunga áherslu á Skógarstrandarveg.*

*Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að koma á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis ítarlegri umsögn um tillögur til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og fyrir árin 2020-2034.*

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllst,

  
Jakob Björgvin Jakobsson  
bæjarstjóri.

